

Nd. 483. Frumvarp til laga

um jöfnunarsjóð aflahluta.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í bæjar- eða sveitarfélagi, þar sem útgerð skipa er rekin á hlutaskiptagrundvelli, (þ. e. skipshöfnin tekur kaup sitt í hluta af afla), skal stofna jöfnunarsjóð aflahluta, ef meiri hluti þeirra manna eða fyrirtækja, sem gera út skip með hlutarráðningu á þeim stað, og meiri hluti sjómanna á þeim skipum gera samþykkt þar um.

Nú hefir jöfnunarsjóður aflahluta verið stofnaður, og skal þá greiða til sjóðsins 1% af óskiptum afla hvers íslensks veiðiskips, sem gert er út með hlutarráðningu í viðkomandi kaupstað eða hreppi, miðað við verðmæti aflans í óverkuðu ástandi, eftir að sameiginlegur kostnaður hefir verið dreginn frá. Útgerðarmaður stendur skil á gjaldinu, og skoðast það sem geymslufé eftir að skipti hafa farið fram. Fé þetta innheimtir bæjarfógeti eða hreppstjóri, og hefir gjaldið lögtaksrétt. Gjaldið skal sent sjóðsstjórninni að loknum skiptum eftir hverja vertíð.

2. gr.

Ríkissjóður leggur jöfnunarsjóði til fyrsta ár eftir stofnun hans jafnháa fjárhæð og tekjur sjóðsins voru af aflahlutum það ár. Eftir það leggur ríkissjóður sjóðnum fjárhæð, sem jafngildir tekjum hans af aflahlutum frá byrjun, deildum með tölu ára frá stofnun hans.

3. gr.

Þeir útgerðarmenn og sjómenn, sem geta stofnað jöfnunarsjóð aflahluta samkvæmt 1. gr., geta með sérstökum samþykktum ákveðið herra iðgjald til sjóðsins en það, sem ákveðið er í 1. gr., og aflað sjóðnum annara tekna. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins miðast þó alltaf við 1% af afla samkv. ákvæðum 1. gr., sbr. 2. gr.

4. gr.

Sjóðnum skal varið þannig:

Þegar hlutir á veiðiskipi verða ekki yfir 66% af meðalhlut skipsins 5 síðustu ár, miðað við úthaldstíma, skulu hlutir bættir upp eftir eftirfarandi reglum, meðan fé sjóðsins endist, sbr. þó síðustu málsgrein þessarar greinar:

Hafi aflahlutur orðið 60—66% af meðalhlut 5 síðustu ára, skal hann bættur úr jöfnunarsjóði með 30% af því, sem á vantar meðalhlut. Hafi aflahlutur orðið lægri en 60% af meðalhlut, hækkar uppbótin við hvern hundraðshluta, sem aflahluturinn lækkar, um 1% af því, sem á vantaði meðalhlut, þar til uppbótin er orðin 50%, sem er hámark uppbótar.

Hafi skip gengið til veiða skemur en 5 ár, þegar til uppbótar kemur, skal þó miða við meðalhlut þess, hafi það gengið tvö ár eða lengur. Ella skal miða við meðalhlut sambærilegra skipa í sömu eða næstu veiðistöð.

Við úthlutun úr sjóðnum til hlutauppbóta má aldrei ganga nær honum en það, að úthlutað sé 80% af þáverandi eignum hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til þriggja ára í senn.

Fiskveiðasjóður Íslands annast daglegar framkvæmdir og reikningshald sjóðsins, fyrir þóknun, er stjórnnum sjóðanna kemur saman um.

6. gr.

Stjórn jöfnunarsjóðs geymir fé hans, og skal það ávallt geymt í banka.

7. gr.

Í reglugerð fyrir jöfnunarsjóð aflahluta má setja ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, eins og nauðsynlegt þykir, þótt ekki sé sérstaklega ráð fyrir þeim gert í lögum þessum, þó svo, að þau fari ekki í bág við nein ákvæði laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.